



Ársskýrsla 2019



Menntun



Nýsköpun



Starfsumhverfi



Innviðir



Orka og umhverfi



Ímynd

Hlutverk og framtíðarsýn

- Samtök iðnaðarins **efla** íslenskan iðnað og **auka samkeppnishæfni** hans
- Iðnaður í fararbroddi drifinn áfram af **stöðugum umbótum** í menntun, nýsköpun, starfsumhverfi, innviðum, orku og umhverfi og ímynd sem leiðir til aukinnar framleiðni og hagsældar
- Skapa aðstæður sem **uppfylla markmið** okkar um **gott samfélag** og **samkeppnishæft umhverfi**

Gildi

- **Fagmennska** – Vönduð vinnubrögð, nýjar upplýsingar og þekking á viðfangsefnum
- **Samvinna** – Samstarf starfsmanna og félagsmanna við stjórnvöld, stofnanir, fjölmiðla og önnur samtök
- **Áræðni** – Forsenda árangurs – Höfum kjark og þor til að takast á við krefjandi verkefni í þágu íslensks iðnaðar

Ávarp formanns SI

Kæru félagsmenn!

Í upphafi árs var ég full eftirvæntingar og tilhlökkunar er ég tók á móti nýjum áratug og því fallega ártali sem 2020 er. Ekki óraði mig þá fyrir þeim ósköpum öllum sem við nú stöndum frammi fyrir. Veður hafa verið válynd, verkföll sett starfsemi úr skorðum og kórónaveiran sett hagkerfi okkar sem og alls heimsins á hliðina. Þetta eru tímar sem eiga sér vart hliðstæðu og ljóst að íslenskt atvinnulíf hefur fengið á sig þungt högg sem taka mun tíma að vinna sig út úr.

Að baki er ein lengsta hagsveifla sögunnar og fram undan djúp efnahagslægd. Áður en veiran setti hér allt á annan endann var ljóst að samkeppnishæfni iðnaðar hafði minnkað, raungengi krónu var hátt, laun höfðu hækkað umfram framleiðni og flestir kostnaðarliðir fyrirtækja einnig hækkað mikið. Það er ljóst að starfsumhverfi okkar er gjörbreytt og gríðarlega krefjandi. Það kallar á mikla útsjónarsemi en ekki síst úthald sem aldrei fyrr.

Ég hef stundum sagt að við Íslendingar séum hamfarapjóð. Við höfum einstakt lag á því að vinna okkur út úr erfiðleikum og þegar á reynir þá stöndum við oft en ekki saman sem einn maður.

Þó varla sé hægt að tala um efnahagssveiflur sem hamfarir að þá eru samt líkindi með þeim og ljóst að íslenskt atvinnulíf stendur frammi fyrir hamförum. Því er svo mikilvægt að nú þegar við erum að sigla inn í samdráttarskeið að við stillum saman okkar strengi og vinnum okkur hratt en örugglega út úr þessum tímabundnu erfiðleikum.

Samvinna skilar árangri. Það höfum við svo sannarlega sannreynt hjá Samtökum iðnaðarins. Samtökin eru öflugustu og fjölmennustu samtök atvinnurekenda á Íslandi og í því felst mikill styrkur. Okkur hefur tekist að stilla saman strengi þrátt fyrir að við séum ólík bæði að umfangi og eðli fyrirtækja okkar. Sjaldan hefur mikilvægi samvinnu verið jafn mikið og nú um stundir. Ef við stöndum saman eru okkur allar leiðir færar og með samstilltu átaki aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda er hægt að styttu í því samdráttarskeiði sem við erum nú í. Ég er sannfærð um að við komum út úr þessu standandi í báða fætur.

Samtök iðnaðarins tileinka nú árið 2020 nýsköpun í sinni breiðustu mynd. Nýsköpun skiptir fyrirtækin máli, efnahagslífið og samfélagið í heild sinni. Með nýsköpun og þróun halda fyrirtæki forskoti í samkeppni á markaði. Nýsköpun leiðir til nýrra tækifæra, aukinna verðmæta og nýrra starfa sem eflir hagkerfið. Með nýsköpun verða til lausnir á samfélagslega mikilvægum áskorunum eins og öldrun þjóða og loftslagsmálum. Þess vegna viljum við leggja okkar af mörkum til að hvetja til



nýsköpunar í allri sinni fjölbreytni þannig að morgundagurinn gefi betur en dagurinn í dag. Nýsköpun hefur sennilega aldrei verið mikilvægari en einmitt nú og lífsnauðsynlegt fyrir okkur sem þjóð að byggja fleiri stoðir í atvinnulífi okkar Íslendinga.

Nú er komið að leiðarlokum hjá mér í starfi fyrir samtökin. Ég læt nú af störfum formanns eftir sex ár í embætti, samtals níu ár í stjórn. Þessi ár hafa verið viðburðarrík en ekki síst skemmtileg. Að hafa fengið tækifæri til að kynnast félagsmönnum og þeim krafti sem félagsmenn samtakanna búa yfir er ómetanlegt og lærdómsríkt. Kraftur íslensks atvinnulífs er mikill og framtíðin er björt ef við höldum rétt á spilunum. Ég kveð nú samtökin með miklu þakklæti en ekki síður stolti yfir að hafa verið falið að standa í stafni í þessi ár. Ég er afskaplega stolt af íslenskum iðnaði og íslenskum atvinnurekendum sem láta aldrei deigan síga þótt oft blási á móti.

Um leið og ég færi félagsmönnum, stjórn og starfsmönnum þakkar fyrir einstaklega ánægjulegt samstarf í gegnum árin óska ég Samtökum iðnaðarins velfarnaðar um alla framtíð.

Guðrún Hafsteinsdóttir

Ársskýrsla 2019

Innan Samtaka iðnaðarins eru 1.400 fyrirtæki og félög sjálfstæðra atvinnurekenda. Þau eru ólík innbyrðis, hvort sem litið er til stærðar, starfsemi eða markaða. Þessi mikla fjölbreytni gerir starfið í senn vandasamt og nauðsynlegt. Þess er gætt að leggja áherslu á það sem er sameiginlegt en um leið er hlúð að því sértæka. Þetta hefur tekist með svo farsælum og árangursríkum hætti að Samtök iðnaðarins eru stærstu og öflugustu hagsmunasamtök atvinnurekenda í landinu.

Samtök iðnaðarins vinna að hagsmunum iðnaðarins á öllum sviðum í nánú samráði við einstaka starfsgreinahópa og aðildarfyrirtæki.

Apríl 2020

Útgefandi: Samtök iðnaðarins

Borgartúni 35, 105 Reykjavík

Sími 591 0100, mottaka@si.is, www.si.is

Ábyrgðarmaður: Sigurður Hannesson

Ritstjórn: Margrét Kristín Sigurðardóttir, margret@si.is

Hönnun og umbrot: Hvíta húsið

Prentun: Prentmet Oddi



Stjórn SI

Stjórn SI 2019

Stjórn Samtaka iðnaðarins ber ábyrgð á stefnumörkun og áherslu í starfinu en framkvæmdastjóri og starfsfólk sjá um nánari útfærslu og framkvæmd. Stjórnin kom saman til tólf formlegra stjórnarfunda. Reglur um stjórnarsetu eru þannig úr garði gerðar að sífelld endurnýjun á sér stað innan stjórnarinnar en einn helsti styrkur SI er að enginn getur setið þar lengur en í sex ár. Þá þarf hver stjórnarmaður að fá endurnýjað umboð á tveggja ára fresti.



Guðrún Hafsteinsdóttir
formaður, Kjörís



Árni Sigurjónsson,
varaformaður, Marel



Ágúst Þór Pétursson,
Mannvit



Birgir Örn Birgisson,
Pizza-Pizza



Egill Jónsson,
Össur



Guðrún Halla Finnsdóttir,
Norðurál



Magnús Hilmar Helgason,
Launafl



María Bragadóttir,
Alvogen Iceland



Sigurður R. Ragnarsson,
ÍAV



Valgerður Hrunn Skúladóttir,
Sensa

Varamenn



Agnes Ósk Guðjónsdóttir,
GK Snyrtistofa



Daníel Óli Óðinsson,
JSÓ



Guðmundur Skúli Viðarson,
Myndsköpun

Stjórnarkjör


Stjórnarkjör fór fram á aðalfundi SI sem haldinn var í Kaldalóni í Hörpu. Kjörið fór fram með rafrænum hætti og úrslit voru kynnt á lönþingi.

Guðrún Hafsteinsdóttir var endurkjörin formaður Samtaka iðnaðarins.

Alls gáfu sjö kost á sér til almennrar stjórnarsetu. Kosið var um fjögur almenn stjórnarsæti og hlutu þessi flest atkvæði: Sigurður R. Ragnarsson, ÍAV, Magnús Helgason, Launafl, Guðrún Halla Finnsdóttir, Norðurál, og Ágúst Þór Pétursson, húsasmíðameistari.

IÐNÞING 2019

Íslenskur iðnaður í fortíð, nútíð og framtíð



Ályktun Iðnpings 2019

Íslenskur iðnaður í fremstu röð – treystum stoðirnar

Þáttaskil eru að verða í íslenskum efnahagsmálum þar sem hagkerfið kólnar eftir uppsveiflu síðustu ára. Við þær aðstæður verður að leita allra leiða til að halda hagkerfinu í jafnvægi, tryggja mjúka lendingu og styrkja stoðir efnahagslegrar velsæðar almennings og atvinnulífs í landinu til lengri tíma. Samspil mikilla launahækkana og sterkari krónu hefur dregið verulega úr samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja. Niðurstöður kjarasamninga munu því hafa mikil áhrif á efnahagslega velsæld á Íslandi næstu árin. Verði launahækkanir umfram framleiðnivöxt verður lending hagkerfisins harkaleg og Ísland dregst aftur úr í samkeppni við önnur ríki. Á því töpum við öll þar sem minna verður til skiptanna.

Iðnaður mótar samfélagið og hagkerfið allt enda er umfang iðnaðar á Íslandi mjög mikið. Iðnaðurinn skapar um eitt af hverjum fimm störfum í landinu, 30% gjaldeyristekna og 23% landsframleiðslunnar, þriðjung af veltu fyrirtækja og stóran hluta skatttekna hins opinbera. Áhrif af starfsemi iðnfyrirtækja eru einnig mikil á aðra starfsemi í landinu en fjöldi fyrirtækja í öðrum greinum starfa með iðnfyrirtækjum í verðmætasköpun sinni.

Þeir þættir sem mestu skipta varðandi framleiðni og efnahagslega velsæld þjóða eru menntun, innviðir, nýsköpun og starfsumhverfi. Með umbótum í þessum fjórum málaflokkum eflist samkeppnishæfni landsins, verðmætasköpun eykst og farsæld þjóðarinnar vex. Samtök iðnaðarins hafa greint helstu áskoranir, mótað framtíðarsýn, sett markmið og gert um 70 tillögur til úrbóta til að efla samkeppnishæfni Íslands. Rauði þráðurinn er atvinnustefna sem samhæfir stefnu-mótun í ólíkum málaflokkum.

Um þessar mundir móta stjórnvöld stefnu í mörgum mikilvægum málum og mun niðurstaða þess ásamt eftirfylgni stjórnvalda móta efnahagslega velsæld okkar næstu árin. Við þá vinnu má ekki missa sjónar af því takmarki að efla samkeppnishæfni Íslands. Þess vegna leggja Samtök iðnaðarins áherslu á eftirfarandi:

- **Stöðugleiki:** Tryggja verður aukinn stöðugleiki í starfsumhverfi fyrirtækja. Auka verður aga í hagstjórn hins opinbera og vinna gegn sveiflum í efnahagslífinu.
- **Hagkvæmni:** Tryggja verður aukna hagkvæmni í starfsumhverfi fyrirtækja og jafnframt draga úr skattheimtu og gjalddöku. Draga verður úr raunvaxtamun milli landa og lækka á tryggingagjald enn frekar.
- **Skilvirkni:** Auka þarf skilvirkni í opinberum rekstri með gæði opinberrar þjónustu í huga. Styttu verður málsmeðferðartíma eftirlits- og úrskurðaraðila. Draga verður úr umsvifum ríkisins á samkeppnismarkaði.
- **Nýsköpun:** Auka verður fjárfestingu í rannsóknum og þróun í íslensku atvinnulífi, m.a. með auknu framboði áhættufjármagns til vaxtar og innleiðingu hvata í skattkerfinu. Afnema skal þök á endurgreiðslur vegna rannsókn- og þróunarverkefna tafarlaust.

- **Menntun:** Menntakerfið verður að styðja betur við hugvit og verkþekkingu. Þess vegna þarf að fjölga iðn- og tæknimenntuðum og leggja jafnframt enn frekari áherslu á menntun í raunvísindum. Áhersla á forritun og raungreinar skal aukin frá yngstu stigum.
- **Byggingamál:** Strax þarf að hrinda í framkvæmd nauðsynlegum úrbótum á stjórnsýslu byggingamála og þurfa ríki og sveitarfélög að sýna þann vilja sem fram kom í átakshópi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins í verki.
- **Umhverfismál:** Iðnaður hefur á undanförmum árum fjárfest til að vernda umhverfið og metnaður er til að gera enn betur. Stjórnvöld og atvinnulíf þurfa að vinna saman svo metnaðarfullum markmiðum í loftslagsmálum verði náð.
- **Orkustefna:** Raforkuverð hér á landi þarf að vera samkeppnishæft við önnur ríki og uppbygging raforkukerfisins á að vera eins hagkvæm og kostur er til að lágmarka kostnað. Tryggja þarf að samkeppnislögum sé fylgt á meðan opinberir aðilar eiga og reka helstu fyrirtæki á þessu sviði og eru í markaðsráðandi stöðu.
- **Innviðir:** Stórátak þarf í innviðauppbyggingu hér á landi. Nýta skal slaka sem myndast þegar hægir á gangi hagkerfisins til nauðsynlegrar uppbyggingar á innviðum.





Stefna SI 2019–2021

Stjórn Samtaka iðnaðarins samþykkti stefnu samtakanna 2019–2021 á fundi sínum á Siglufirði í júní. Stefnumótunin hófst í Húsafelli í september 2018 þar sem stjórn SI, félagsmenn og starfsmenn komu saman. Stefnan miðar að því að efla íslenskan iðnað og auka samkeppnishæfni hans. Stefnan byggir á sex stoðum sem eru menntun, innviðir, nýsköpun, starfsumhverfi, umhverfis- og orkumál og ímynd. Með umbótum á þessum sviðum má auka samkeppnishæfni Íslands sem eykur verðmætasköpun og þar af leiðandi lífsgæði landsmanna. Þannig verður Ísland í fremstu röð.



Menntun



Nýsköpun



Starfsumhverfi



Innviðir



Orka og umhverfi



Ímynd





Útgáfur

Samtök iðnaðarins hafa undanfarin ár gefið út sjö skýrslur sem unnar hafa verið af starfsmönnum samtakanna í samstarfi við stjórn SI, félagsmenn og aðra sérfræðinga. Á árinu bættist í útgáfuna. Skýrslunum er ætlað að vera innlegg í umræðu um umbætur sem gagnast samfélaginu í heild sinni og í þeim eru lagðar fram upplýsingar sem gagnast félagsmönnum samtakanna.

Innviðir á Íslandi

Markmið með skýrslunni er að lýsa stöðu helstu innviða hagkerfisins og draga fram þarfir og lausnir til að tryggja gæði þessara meginstoða íslensks samfélags og atvinnulífs. Ástand og uppbygging innviða eru ná-tengd samkeppnishæfni Íslands og markar þannig þróun þess. Í skýrslunni er lagt mat á ástand flugvalla, fráveitna, hafna, hitaveitna, vatnsveitna, orkuvinnslu, orkuflutninga, úrgangsmála, þjóðvega, sveitarfélaga-vega, fasteigna í eigu ríkisins og fasteigna í eigu sveitarfélaga.

Ísland í fremstu röð – eflum samkeppnishæfnina

Samkeppnishæfni er nokkurs konar heims-meistaramót ríkja í lífsgæðum. Því meiri sem samkeppnishæfnin er, þeim mun meiri verðmæti verða til og þar af leiðandi verður meira til skiptanna. Á lönþingi 2018 gáfu Samtök iðnaðarins út skýrslu um samkeppnishæfni Íslands. Skýrslunni var ætlað að gera grein fyrir stöðunni í fjórum meginstoðum samkeppnishæfni, menntun, innviðum, nýsköpun og starfsumhverfi. Greining á stöðunni er forsenda þess að hægt sé að gera tillögur að umbótum.

Mótum framtíðina saman – atvinnustefna fyrir Ísland

Atvinnustefna er skipulag sem ætti að vera rauður þráður í allri annarri stefnumótun. Í skýrslunni er mótuð framtíðarsýn til ársins 2050 og lagðar fram um 70 tillögur að umbótum til þess að bæta samkeppnishæfni Íslands. Þannig batna rekstrarskilyrði allra fyrirtækja í landinu og lífsgæði landsmanna aukast.

Mætum færni framtíðarinnar – Menntastefna SI

Menntamál, sem einnig má nefna mannauðsmál, brenna á flestöllum félagsmönnum Samtaka iðnaðarins. Menntastefna SI snýr meðal annars að því að mæta færniþörf atvinnulífsins á hverjum tíma. Ljóst er að fjölga þarf iðnmenntuðum á vinnumarkaði og auka þarf áherslu á tækni- og raungreinar í menntakerfinu. Fjölmargar tillögur til umbóta eru lagðar fram í skýrslunni.

Nýsköpun – virkjum tækifærin – Nýsköpunarstefna SI

Nýsköpunarstefna Samtaka iðnaðarins var kynnt í febrúar 2019 í aðdraganda þess að stjórnvöld mótuðu sína stefnu um nýsköpun. Í skýrslunni er horft til ársins 2050 og sett fram markmið og aðgerðir til að ná fram metnaðarfullri framtíðarsýn um að skilyrði til nýsköpunar hér á landi verði með því besta sem þekkist í heiminum. Stefnan er í fjórum köflum: mannauður, fjármagn, stuðningsumhverfi og markaðssetning.

Íslensk raforka – Ávinningur og samkeppnishæfni

Félagsmenn SI kaupa meginþorra þeirrar orku sem framleidd er á Íslandi. Skýrslunni er ætlað að fræða lesandann um raforkumarkaðinn auk þess sem settar eru fram níu tillögur að úrbótum á íslenska raforkumarkaðinum og birt stefna Samtaka iðnaðarins á sviði raforkumála.

Hver ber ábyrgð á mannvirkinu?


Ítarlegt lögfræðiálit um ábyrgð þeirra sem koma að byggingu mannvirkja hér á landi er sett fram í þessari skýrslu og er ætlað að auðvelda félagsmönnum SI að koma þekkingu til starfsmanna sinna.



ÍSLENSKT
gjörð svo vel

Íslenskir dagar

Forseti Íslands setti Íslenska daga með formlegum hætti í byrjun apríl. Þar var efnt til samstarfs framleiðenda og verslana þar sem vakinn var athygli á íslenskum vörum í verslunum og landsmenn hvattir til að setja þær vörur í innkaupakörfuna. Af þessu tilefni var sérstök bók með myndum af úrvali íslenskra vara afhent forseta Íslands til varðveislu á Bessastöðum.



Íslensk húsgögn

Nú prýða Íslensk húsgögn suðurstofu Bessastaða í fyrsta sinn, fyrir atbeina Samtaka iðnaðarins. Í tilefni af því var efnt til átaks þar sem vakinn var athygli á íslenskum húsgögnum og húsgagnaframleiðendum undir merkjum Íslenskt – gjörð svo vel. Samtökin gáfu einnig út kynningarbækling um íslensk húsgögn.

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, er verndari átaksins Íslenskt – gjörð svo vel. Það voru Samtök iðnaðarins, Samtök atvinnulífsins, Samtök verslunar og þjónustu og Bændasamtök Íslands sem tóku höndum saman 2018 og efndu til átaksverkefnisins. Tilgangurinn er að efla vitund Íslendinga um íslenskar vörur og auka stolt þeirra. Fyrirtæki sem framleiða eða selja íslenskar vörur eru hvött til að taka þátt í áttakinu þar sem miðað er við vörur sem uppfylla þau skilyrði sem fram koma í fánalögum. Fyrirtæki og framleiðendur sem taka þátt í áttakinu hafa fengið aðgang að myndmerki þess og hafa nýtt það á umbúðir, heimasíður, samfélagsmiðla eða annað kynningarefni.

Grænvangur

Á Iðnþingi 2019 var greint frá því að stjórnvöld og atvinnulíf hefðu náð saman um stofnun samstarfsvettvangs í loftslagsmálum og grænum lausnum sem fékk heitið Grænvangur. Yfirlýsing um stofnun Grænvangs var undirrituð í Ráðherra-bústaðnum 28. maí 2019. Formlegur stofnfundur Grænvangs fór svo fram 19. september. Samtök iðnaðarins komu að og höfðu forgöngu um stofnun Grænvangs. Eggert Benedikt Guðmundsson var ráðinn forstöðumaður Grænvangs á árinu. Að samstarfsvettvanginum standa forsætisráðuneytið, umhverfis- og auðlindaráðuneytið, utanríkisráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Samorka, Orkuklasinn, Viðskiptaráð Íslands, Bændasamtök Íslands, háskólar og Íslandsstofa, auk fjölda fyrirtækja. Samstarfsvettvangurinn er hýstur innan Íslandsstofu og vinnur í nánun samstarfi við hana. Markmið Grænvangs er að stuðla að vitundarvakningu um loftslagsmál og vinna að markmiði stjórnvalda að kolefnishlutlausu Íslandi árið 2040, auka útflutning á orkuþekkingu og grænum lausnum og segja frá árangri Íslands í loftslagsmálum.



Matvælastefna

Samtök iðnaðarins eru meðal fernra samtaka í atvinnulífinu sem sameinuðust um áherslur í matvælastefnu fyrir Ísland sem kynntar voru forsætisráðherra og þremur öðrum ráðherrum ríkisstjórnarinnar í febrúar. Samtökin sem unnið hafa saman að þessu verkefni eru auk SI Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök ferðaþjónustunnar og Bændasamtök Íslands. Samtökin telja mikil tækifæri blasa við íslenskri matvælaframleiðslu á næstu árum og áratugum og að stefnumótun stjórnvalda þurfi að endurspegla þessi tækifæri og gera fyrirtækjum í matvælaframleiðslu kleift að nýta þau þjóðinni til heilla. Í sameiginlegri stefnu samtakanna segir meðal annars að íslenskir matvælaframleiðendur stefni að því að verða framúrskarandi á heimsvísu með sérstakri áherslu á sjálfbærni, umhverfisvernd, hreinleika, rekjanleika og öryggi.



Byggingamál

Húsnæðismál voru í brennidepli í tengslum við kjarasamningsgerð veturinn 2018–2019 og er von á einhverjum mestu umbótum í byggingarmálum um árabíl. Samtök iðnaðarins áttu sinn þátt í því að stjórnvöld og aðilar vinnu-markaðarins tóku höndum saman og stofnuðu áttakshóp til að gera tillögur að úrbótum á húsnæðis- og byggingarmarkaði. Áttakshópurinn skilaði 40 tillögum til úrbóta í janúar. Samhliða gerð Lífskjarasamninga undirritaði ríkisstjórnin yfirlýsingu þar sem meðal annars var kveðið á um umbætur í byggingarmálum. Í kjölfar þess var Íbúðalánasjóði (nú Húsnæðis- og mannvirkjastofnun) falið að annast eftirfylgni tillagna og fengu þau Byggingavettvanginn til liðs við sig. Í maí var haldinn samráðsdagur þar sem um 50 aðilar frá ráðuneytum, stofnunum, sveitarfélögum, samtökum og fyrirtækjum komu saman til að útfæra frekar þær áherslur sem komu fram hjá áttakshópnum. Byggingavettvangurinn vann nokkrar tillögur sem voru kynntar á fjölmönnum fundi í nóvember að viðstöddum félags- og barnamálaráðherra og ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar. Meðal tillagna voru stafræn stjórnsýsla í tengslum við byggingargátt, flokkun mannvirkja, einföldun eftirlits og skilvirk úrskurðarnefnd.

Samtök iðnaðarins birta tvisvar á ári niðurstöður talningar á fjölda íbúða í byggingu. Fyrri talningin var kynnt í mars og sú seinni í september.





Menntun



Samtök iðnaðarins beita sér fyrir umbótum í menntun landsmanna þar sem stefnt er að því að menntakerfið leiði saman færni mannauðsins og þarfir atvinnulífsins á skilvirkan og hagkvæman hátt.

Bein aðkoma SI að menntastofnunum



Þátttaka SI í verkefnum til að hvetja til iðn-, verk- og tæknimenntunar

Verksmiðjan

Verksmiðjan er nýsköpunarkeppni ungs fólks á aldrinum 13 til 16 ára, þar sem hugmyndir og uppfinningar verða að veruleika. Að verkefninu standa Samtök iðnaðarins, RÚV, Nýsköpunarkeppni grunnskólanna, Fab Lab, menntamálaráðuneytið, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Rafmennt.

Með það fyrir augum að slá nokkuð margar flugur í einu höggi kviknaði hugmyndin að Verksmiðjunni sem ætlað er að ná til ungmenna í 8.–10. bekk grunnskóla. Þetta er hugmynda- og uppfinningakeppni þar sem krökkum gefst tækifæri til að láta hugmyndir sínar verða að veruleika með aðstoð leiðbeinenda, fagfólks, fyrirtækja og hvetjandi sjónvarpsefnis. Fimm sjónvarpsþættir um Verksmiðjuna, iðngreinar og nýsköpun voru sýndir á RÚV vorið 2019.



Markmið Verksmiðjunnar er að:

- hvetja ungmenni til að veita hugmyndum sínum og hæfileikum athygli
- fjalla um iðn- og tæknimenntun á spennandi hátt
- efla nýsköpun í íslensku samfélagi
- vera vettvangur fyrir raddir ungs fólks

GERT

GERT, verkefni um að grunnmenntun verði eflid í raunvísindum og tækni, lauk sínu fimmta starfsári. Þetta er samstarfsverkefni SI, mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Sambands Íslenskra sveitarfélaga með það að markmiði að efla áhuga nemenda í grunnskóla á raunvísindum og tækni og jafnframt kynna fyrir þeim verk- og iðnmenntun ásamt störfum sem því tengjast. Heimasíða verkefnisins er www.skolarogtaekni.is. Fjöldi skóla og fyrirtækja tekur þátt í verkefninu en unnið er markvisst með fyrirtækjaheimsóknir skólabarna og kynningu á störfum

Stelpur og tækni

Girls in ICT Day er hluti af alþjóðlegu átaki og haldið undir nafninu Stelpur og tækni. Að verkefninu standa Háskólinn í Reykjavík, Skýrslutæknifélag Íslands og Samtök iðnaðarins. Um sjö hundruð stelpur úr grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu heimsóttu HR og fjölda tæknifyrirtækja. Verkefnið vekur áhuga á fjölbreyttum möguleikum í tækninámi og störfum þar sem áherslan er lögð á að sýna fyrirmyndir í tæknigeiranum og brjóta niður staðalímyndir.

Verk- og tækninám

SI og Bílgreinasambandið sendu kynningar efni til allra 9. bekkinga um þá möguleika sem standa nemendum til boða innan verk- og tæknigreina. Um er að ræða markpóst þar sem vísað er á vefsíðuna www.nemahvad.is þar sem eru myndbönd og upplýsingar um nám og skóla.

Meðal samstarfsaðila SI í menntamálum má nefna:



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ





Nýsköpun



Samtök iðnaðarins beita sér fyrir eflingu nýsköpunarumhverfisins þar sem stefnt er að því að umgjörð og hvatar til nýsköpunar séu með því besta sem þekkist í heiminum.

SI gáfu út nýsköpunarstefnu í febrúar sem kynnt var á fjölmennum fundi í lönó. Nýsköpun er ein meginforsenda framleiðniaukningar, verðmætasköpunar, samkeppnishæfni og gjaldeyrisöflunar fyrirtækja og þjóða. Markmiðið með nýsköpunarstefnu og aðgerðum í málaflokknum er að efla þjóðarbúið í harðri alþjóðlegri samkeppni um störf og verðmætasköpun. Sýn og stefna í nýsköpun er þannig ein af meginstöðum öflugrar atvinnustefnu. Nýsköpunarstefna leggur grunninn að sköpun verðmætra starfa í framtíðinni og er ekki síst mikilvæg til að mæta áskorunum fjórðu iðnbyltingarinnar og áhrifum hennar á vinnumarkað og störf. Með vísindastarfsemi er fjármunum breytt í hugmyndir. Nýsköpun breytir hugmyndum í verðmæti. Nýsköpun á sér stað þegar hugmynd eða umbótum hefur verið hrint í framkvæmd og tekist hefur að skapa nýjar lausnir eða bæta það sem þegar er til staðar. Getur þetta átt við um nýja eða endurbætta vöru, þjónustu, tækni, aðferðafræði, stjórnskipulag, verklag eða leið til sölu- og markaðssetningar. Nýsköpun á sér stað í öllum fyrirtækjum og fer að verulegu leyti fram innan rótgróinna fyrirtækja og í samstarfi fyrirtækja í ólíkum greinum þar sem þarfir á markaði og lausnir ná saman.

Nýsköpunarlandið Ísland

Ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar kynnti nýsköpunarstefnu fyrir Ísland í október en stefnan var unnin af stýrihóp um mótun heildstæðrar nýsköpunarstefnu fyrir Ísland. SI tilnefndu tvo fulltrúa félagsmanna í stýrihópinn ásamt því að framkvæmdastjóri SI sat í honum fyrir hönd Samtaka atvinnulífsins. Titill stefnunnar er „Nýsköpunarlandið Ísland“ en stefnunni er ætlað að gera Ísland betur í stakk búið til að mæta áskorunum framtíðarinnar með því að byggja upp traustan grundvöll fyrir hugvitsdrifna nýsköpun á öllum sviðum. Ráðherra kynnti fyrstu aðgerðir í þágu nýsköpunar á Tækni- og hugverkabætur SI í nóvember. Meðal þeirra eru Kría frumkvöðlasjóður, nýr íslenskur hvatasjóður nýsköpunardrífins frumkvöðlastarfs sem mun fjárfesta í vísisjóðum (e. Venture Capital) og auka aðgengi að fjármagni og tryggja samféllu í fjármögnunarmhverfi frumkvöðla og nýsköpunar.

Stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki

Stigið var framfaraskref í þágu nýsköpunarumhverfisins hér á landi 1. janúar þegar tóku gildi breytingar á lögum um tekjuskatt og lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nánar tiltekið skattfrádráttur vegna hlutabréfakaupa og skattfrádráttur nýsköpunarfyrirtækja. Með þessum lagabreytingum voru þök á endurgreiðslur vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar fyrirtækja tvöfölduð, úr 300 milljónum króna í 600 milljónir króna. Jafnframt voru skattahvatar vegna fjárfestinga einstaklinga í sprotafyrirtækjum eflir.

Fulltrúar SI í nýsköpunarsamstarfi

Samtök iðnaðarins eru aðili að ýmsum samstarfsverkefnum í þágu eflingar nýsköpunar hér á landi.

Icelandic Startups – Á árinu endurnýjuðu SI og Icelandic Startups samstarfssamning sem hefur það markmið að styðja við uppbyggingu á stuðningsumhverfi frumkvöðla á Íslandi. Framkvæmdastjóri SI situr í stjórn Icelandic Startups.

Auðna-Tæknitorg – Framkvæmastjóri SI er stjórnarmaður í Auðna-Tæknitorgi, tækniveitu sem sinnir tækni- og þekkingayfirfærslu úr vísindasamfélaginu yfir í frumkvöðlasamfélag og atvinnulíf, en tækniveitan var stofnuð árið 2018.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins – Framkvæmdastjóri SI er stjórnarformaður Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins sem tekur virkan þátt í þróun og vexti íslensks atvinnulífs með því að fjárfesta í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum.

Tækniþróunarsjóður/Rannís – Á árinu tilnefndu SI fulltrúa í stjórn Tækniþróunarsjóðs fyrir tímabilið 2019–2021. Auk þess sem fulltrúi SI situr í ráðgefandi fagnefnd Rannís við mat á rannsóknar- og þróunarverkefnum sem endurvakin var árið 2019.



Starfsumhverfi



Samtök iðnaðarins beita sér fyrir umbótum í starfsumhverfi fyrirtækja þar sem stefnt er að því að skilvirkt, hagkvæmt og stöðugt starfsumhverfi laði til landsins fjárfesta og fólk.

Í stefnu SI kemur fram að framtíðarsýn stjórnar Samtaka iðnaðarins sé sú að starfsumhverfi fyrirtækja á Íslandi sé skilvirkt, hagkvæmt og stöðugt í samanburði við starfsumhverfi fyrirtækja í löndum samkeppnisaðila.

Stöðugleiki

Á árinu 2019 lögðu Samtök iðnaðarins áherslu á að hagstjórnaraðilar skapi stöðugleika í efnahagsumhverfi fyrirtækja með því að beita hagstjórnartækjum peningamála og opinberra fjármála til að milda niðursveifluna og undirbyggja nýtt hagvaxtarskeið. Undanfarið hafa stjórnvöld nýtt ríkisfjármálin til að vinna á móti niðursveiflunni og peningastefnunefnd Seðlabankans lækkað stýrivexti bankans í sama tilgangi. Aðilar almenna vinnumarkaðarins hafa einnig lent kjarasamningum á breiðum grundvelli til langs tíma og í anda stöðugleika. Hagstjórnaraðilar hafa þannig gengið í takt í verkefni sínu. SI hafa sagt að betur má ef duga skal í þessum eignum. Hagvaxtahorfur eru ekki góðar. Það er ekki nóg að ganga í takt í hagstjórninni. Takturinn verður að vera af áræðni og nægjanlega hraður til að mýkja efnahagssamdráttinn og skapa grundvöll fyrir nýju hagvaxtartímabili. Þörf er á frekari aðgerðum og hefur SI bent á það ítrekað í ræðu og rit.

Hagkvæmni

Efnahagsaðstæður eru sérstakar um þessar mundir m.a. vegna þess að á sama tíma og samdráttur er í íslenska hagkerfinu er raungengi krónunnar hátt í sögulegu samhengi. Samkeppnisstaða innlendra greina sem keppa við erlenda aðila, hvort sem er á innlendum markaði eða erlendis, er því erfið. Samtök iðnaðarins hafa í þessu sambandi lagt mikla áherslu á að hið opinbera létti undir með fyrirtækjum með því m.a. að draga úr skattheimtu. Hefur áherslan m.a. verið á lækkun tryggingagjaldsins og lækkun fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði á árinu 2019. Einnig hefur áherslan verið á að raforkuverð auki samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja. Samtökin hafa ítrekað bent á þörfina fyrir lækkun vaxta í þessu sambandi og að framboð lánsfjár sé nægt, en talsvert dró úr nýjum útlánum bankanna til fyrirtækja á árinu. Síðast en ekki síst hefur áherslan verið á að laun endurspegli framleiðni og þróist í takti við framleiðnivóxt.

Skilvirkni

Ein grundvallarforsenda bættrar samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja er að starfsumhverfi fyrirtækja sé skilvirkt í samanburði við önnur lönd og hafa samtökin á árinu lagt ríka áherslu á að jafnræðis sé gætt. Áhersla hefur verið á að dregið sé úr samkeppnisrekstri opinberra aðila og þess sé gætt að ríkið raski ekki með ólögumætum hætti samkeppni á markaði. Samtökin leggja áherslu á að stjórnvöld gæti að samevrópskum ríkisaðstoðar- og samkeppnisreglum. Áhersla er á að stjórnvöld stuðli að bættri samkeppni með aukinni útivistun verkefna og virkum útboðsmarkaði. Mikilvægt er að hugað sé að hagsmunum framleiðenda og tryggt að þeir geti tekið þátt í útboðum til jafns við aðra. Ennfremur hefur á árinu verið lögð áhersla á að ekki sé gengið lengra við innleiðingu EES-reglna en þörf krefur og hafa samtökin beitt sér fyrir bættu verklagi stjórnvalda við gerð lagafrumvarpa og innleiðingu EES-gerða. Bætt regluverk, skilvirkara eftirlit og styttri málsmeðferðartími opinberra eftirlitsaðila stuðlar að skilvirku starfsumhverfi fyrirtækja og hafa Samtök iðnaðarins beitt sér gagnvart stjórnvöldum fyrir aðgerðum í þá veru.

Samtök iðnaðarins veita félagsmönnum ráðgjöf og aðstoð í lögfræðilegum málefnum. Í því felst að fyrirtæki, samtök fyrirtækja eða starfsgreinahópar SI geta leitað til lögfræðings SI þegar lögfræðilegt álitaefni kemur upp. Álitaefnin eru fjölbreytt og geta varðað sértæk álitaefni einstakra fyrirtækja eða málefni starfsgreina eða iðnaðarins í heild.

Á árinu voru veittar umsagnir í eftirtöldum málum.

Alþingi

149. löggjafarþing (2018–2019)

- Tillaga til þingsályktunar um starfshóp um útgáfu opinberra skilríkja, 56. mál.
- Tillaga til þingsályktunar um fimm ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2019–2023, 403. mál.
- Tillaga til þingsályktunar um stefnu í fjarskiptum 2019–2023, 404. mál.
- Frumvarp til laga um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða 416. mál.
- Frumvarp til breytinga á ýmsum lögum vegna skattlagningar tekna erlendra lögaðila í lágs kattaríkjum o.fl. (samsköttun, CFC-félög), 433. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinber innkaup (markviss innkaup, keðjuábyrgð o.fl.), 442. mál.
- Tillaga til þingsályktunar um heilbrigðisstefnu til ársins 2030, 509. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir (EES-reglur, burðarpokar), 512. mál.
- Frumvarp til laga um rafræna auðkenningu og traustþjónustu, 634. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum, 646. mál.
- Frumvarp til laga um úrskurðarnefndir á sviði neytendamála, 649. mál.
- Tillaga til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2020–2024, 750. mál.
- Frumvarp til laga um skráningu einstaklinga, 772. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á húsnæðis- og mannvirkjastofnun, 795. mál.
- Tillaga um breytingu á þingsályktun nr. 10/148 um fjármálastefnu fyrir 2018–2022, 953. mál.

150. löggjafarþing (2019–2020)

- Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2020, 1. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga árið 2020, 2. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um matvæli (sýklalyfjanotkun), 229. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna skattlagningar tekna erlendra lögaðila o.fl. (samsköttun, CFC-félög o.fl.), 269. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stimpilgjald (stimpilgjald af skipum), 313. mál.
- Frumvarp til nýrra heildarlaga um innheimtu opinberra skatta og gjald, 314. mál.
- Frumvarp til breytinga á ýmsum lögum á sviði matvæla (einföldun regluverks, Matvælasjóður og EES-reglur), 318. mál.
- Frumvarp til laga um húsnæðis- og mannvirkjastofnun, 319. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum varðandi leyfisveitingar (einföldun regluverks), 332. mál.
- Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020–2034 og samgönguáætlun fyrir árin 2020–2024, 434. og 435. mál.

Samráðsgátt

- Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um loftlagsmál nr. 70/2012.
- Drög að frumvarpi til laga um breytingu á efnalögum.
- Drög að frumvarpi til laga um rafræna auðkenningu og traustþjónustu.
- Drög að frumvarpi til laga um skráningu einstaklinga.
- Drög að frumvarpi til laga um úrskurðarnefndir á sviði neytendamála.
- Drög að frumvarpi til laga um húsnæðis- og mannvirkjastofnun.
- Drög að frumvarpi til nýrra heildarlaga um innheimtu opinberra skatta og gjalda.
- Drög að frumvarpi til breytinga á ýmsum lögum til einföldunar regluverks.
- Drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta (ívilnanir vegna vistvænna ökutækja o.fl.).
- Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir (viðaukar).
- Drög að frumvarpi til laga um breytingu á samkeppnislögum.
- Drög að frumvarpi til laga um samvinnuverkefni um vegaframkvæmdir.
- Drög að frumvarpi til nýrra laga um fjarskipti.
- Drög að frumvarpi til laga um íslensk landshöfuðlén.
- Drög að frumvarpi til laga um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.
- Drög að frumvarpi til laga um heiðarlega starfshætti í vísindum I.
- Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um ívilnanir til nýfjárfestinga á Íslandi nr. 41/2015.
- Drög að reglugerð um skoðun ökutækja.
- Drög að reglugerð um mælingu skipa með mestu lengd allt að 24 metrum.
- Drög að reglugerð um stuðning við útgáfu bóka á íslensku.
- Drög að leiðbeiningum um keðjuábyrgð.
- Drög að fimmtán ára samgönguáætlun 2020–2034 og fimm ára aðgerðaáætlun 2020–2034.
- Áform um lagasetningu um vandaða starfshætti í vísindum.
- Áform um frumvarp til breytinga á lögum nr 43/1999 um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.
- Áform um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir (viðaukar).
- Stafrænt Ísland – Tæknistefna island.is.

Umsagnir SI má finna á vef samtakanna, www.si.is



Innviðir

Samtök iðnaðarins beita sér fyrir umbótum á innviðum landsins þar sem stefnt er að því að innviðir séu í góðu ástandi og uppfylli þarfir atvinnulífs og almennings.

Framtíðarsýn stjórnar SI felst í að innviðir Íslands séu samkeppnishæfir á við það sem best gerist í öðrum löndum en innviðir landsins spila lykilhlutverk í verðmætasköpun iðnfyrirtækja. Árið hófst með krafti en strax í byrjun árs kynntu fulltrúar opinberra aðila fyrirhugaðar verklegar framkvæmdir í innviðum fyrir samtals 128 milljarða króna sem er um 50 milljörðum króna hærri upphæð en kynnt var á Útboðsþingi SI 2018. Niðurstöðan var ánægjuleg fyrir iðnaðinn enda hafa samtökin talað fyrir umbótum á innviðum landsins frá haustinu 2017 þegar skýrslan „Innviðir á Íslandi – ástand og framtíðarhorfur“ var gefin út.

Húsnæðisinnviðir

Talningar SI á íbúðum í byggingu á árinu báru keim af samdrætti í íslenska hagkerfinu og kólnun á húsnæðismarkaði. Benti vortalning samtakanna til þess að ekki hafi mælst minni vöxtur milli talninga á íbúðum í byggingu síðan 2015 og hausttalningin benti þá til þess að ríflega 18% samdráttur væri í íbúðum í byggingu að fókheldu. Á árinu var vakin athygli á brestum í starfsumhverfi byggingariðnaðarins og hvernig auka mætti stöðugleika,

skilvirkni og hagkvæmni í greininni. Höfuðáhersla var á að framboð mæti eftirspurn í meiri mæli og að vinna þyrfti ofan af flækjustigi til að uppbygging yrði hagkvæmari, m.a. með umbótum í skipulagsferli og stjórnsýslu sveitarfélaga.

Orkuinnviðir

Orkuinnviðir spila lykilhlutverk í samkeppnishæfni landsins og velmegun íbúa þess. Á árinu kynntu samtökin greiningu sem sýnir að á síðustu 50 árum, eða frá því að álverið í Straumsvík hóf starfsemi, hafi framlag orkusækis iðnaðar til verðmætasköpunar hér á landi verið um 2.100 ma.kr. og um 80% þess framlags hafi fallið til á 21. öldinni. Samtökin telja að grundvallarmunur sé á stöðu orkuinnviða í þéttbýli og dreifbýli og að leggjast þurfi í verulegar framkvæmdir og fjárfestingar til að tryggja ásættanlega stöðu orkuinnviða víða um land til framtíðar. SI lögðu m.a. áherslu á það á árinu að ekki væri nóg að vilji til verka sé til staðar á meðan víða eru viðvarandi brotalamir og flöskuhálsar í stjórnsýslu og leyfisveitingarferli sem standa í vegi fyrir þjóðfélagslega mikilvægum verkefnum.

Samgönguinnviðir

Samtökin töluðu fyrir langtímasýn og staðfestu í framfylgd markmiða um hagkvæmar og skilvirkar samgöngur á árinu. Lögð var höfuðáhersla á að nú væri tíminn til að byggja samgönguinnviði hratt upp en viðhaldi og nýfjárfestingarþörf hefur ekki verið sinnt sem skyldi á síðustu árum. Samtökin lögðu áherslu á að forgangsraðað skyldi eftir þjóðhagslegri arðsemi í meiri mæli og þannig tryggt að fjármagn til málaflokksins skilaði sér sem best í aukinni verðmætasköpun þjóðarbúsins. Einnig bentu samtökin á að skoða skyldi kosti og galla samvinnuleiðar í þeim tilfellum þar sem ábati vegstyttinga væri verulegur. Fögnuðu samtökin þeirri framtíðarsýn sem birtist í samgönguáætlun 2020–2034 enda áætlunin skref í rétta átt. Bentu samtökin þó á að huga yrði að forgangsgröðun í meira mæli og einnig að gera yrði stóráttak í samgönguinnviðum, sérstaklega í þéttbýli.



Orka og umhverfi

Samtök iðnaðarins beita sér fyrir umbótum í orku og umhverfi þar sem stefnt er að því að íslenskur iðnaður sé í fararbroddi í sjálfbærni og umhverfismálum og styðji við markmið þjóðarinnar um kolefnishlutleysi.

Samtökin hafa lagt aukinn þunga á málefni á vettvangi orku og umhverfis, þ.m.t. að bæta starfsskilyrði fyrirtækja hvað varðar raforkumál og efla umræðu um að stjórnvöld og atvinnulíf vinni saman að markmiðum í umhverfis- og loftslagsmálum. Þá var ljóst af könnun á meðal aðildarfyrirtækja SI á árinu að mál þessi skipta fyrirtækin miklu máli. Í framtíðarsýn stjórnar SI felst að Ísland sé og verði áfram fyrirmynd annarra þjóða í umhverfis- og orkumálum sem geti skapað íslenskum iðnaði samkeppnisforskot.

Grænvangur

Yfirlýsing um stofnun Grænvangs var undirrituð í Ráðherrabústaðnum í maí og formlegur stofnfundur fór fram í september. Samtök iðnaðarins komu að og höfðu forgöngu um stofnun Grænvangs. Eggert Benedikt Guðmundsson var ráðinn forstöðumaður Grænvangs á árinu. Að samstarfsvettvanginum standa forsætisráðuneytið, umhverfis- og auðlindaráðuneytið, utanríkisráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Samorka, Orkuklasinn, Viðskiptaráð Íslands, Bændasamtök Íslands, háskólar og Íslandsstofa, auk fjölda fyrirtækja. Samstarfsvettvangurinn er hýstur innan Íslandsstofu og vinnur í nánú samstarfi við hana. Markmið

Grænvangs er að stuðla að vitundarvakningu um loftslagsmál og vinna að markmiði stjórnvalda um kolefnishlutlaust Ísland árið 2040, auka útflutning á orkuþekkingu og grænum lausnum og segja frá árangri Íslands í loftslagsmálum.

Loftslagsverkefni SI og Festu

Loftslagsverkefni SI og Festu, sem ýtt var úr vör árið 2018, rann sitt skeið á enda á árinu. Samstarfinu var ætlað að auðvelda fyrirtækjum að meta og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í samstarfi við Festu samfélagsábyrgð. Þótt verkefninu sé lokið munu SI eftir sem áður leggja áherslu á þessi markmið í starfi samtakanna.

Raforkumál

Á árinu hafa SI lagt ríka áherslu á raforkumál enda kaupa félagsmenn meginþora þeirrar orku sem framleidd er á Íslandi. SI efndu til fundar í október um raforkumál og samkeppnishæfni innlands raforkumarkaðar. Samhliða gáfu samtökin út skýrslu um raforkumarkaðinn þar sem settar eru fram níu tillögur að úrbótum á íslenska raforkumarkaðinum og birt stefna Samtaka iðnaðarins á sviði raforkumála.

Orkustefna fyrir Ísland

SI hafa fylgst vel með vinnu við mótun á orkustefnu fyrir Ísland. Stefnan mun hafa víðtæk áhrif fyrir aðildarfyrirtæki samtakanna og því verulegt hagsmunamál að vandað verði til verka við þá vinnu og mikilvægt að stefnan gæti jafnt að hagsmunum allra aðila í virðiskeðju raforku hér á landi í stað þess að draga taum orkuframleiðenda á kostnað raforku-notenda.



Ímynd

Samtök iðnaðarins beita sér fyrir jákvæði mynd íslensks iðnaðar þar sem stefnt er að því að íslenskar vörur og fyrirtæki hafi jákvæða mynd í samanburði við mynd erlendra valkosta.

Markmiðið er að Íslendingar séu stoltir af íslenskum vörum og fyrirtækjum. Til að ná því markmiði miðla Samtök iðnaðarins upplýsingum um mikilvægi íslensks iðnaðar fyrir hagkerfið og hversu fjölbreyttur iðnaðurinn er. Unnið er með allar helstu markaðsleiðir. Miðlað er gæðum, uppruna og hreinleika íslenskra framleiðsluvara og nýttar eru hefðbundnar og óhefðbundnar leiðir til að koma skilaboðunum á framfæri við ákveðna markhópa.

Íslenskt – gjörð svo vel

Íslenskt – gjörð svo vel er kynningarátak sem hófst árið 2018. Tilgangur átaksins er að efla mynd og vitund Íslendinga á íslenskum vörum. Fyrirtæki sem framleiða eða selja íslenskar vörur hafa verið hvött til að taka þátt í áttakinu þar sem miðað er við að myndmerkið sé hægt að nota á þær vörur sem uppfylla skilyrði áfálalaga. Fyrirtæki og framleiðendur sem taka þátt í áttakinu geta nýtt myndmerkið þess á umbúðir, heimasíður, samfélagsmiðla og annað kynningarefni. Á árinu var vakin athygli á íslenskum hús-gögnum og íslenskum matvörum.



Ásýnd SI

Samtök iðnaðarins leggja áherslu á að vera sýnileg í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum. Daglegur fréttaflutningur frá starfsemi samtakanna er á vef samtakanna, www.si.is, auk þess sem samfélagsmiðlar eru nýttir til að koma efni samtakanna á framfæri. Þá eru gefnar út skýrslur, greiningar, fréttatilkynningar og annað kynningarefni.

Greiningar SI


Á árinu voru gefnar út 11 greiningar þar sem tekin eru fyrir tiltekin málefni sem skipta aðildarfyrirtæki SI máli og þau greind með aðferðum tölræði og hagfræði.

- Vægi iðnaðar á vinnumarkaði
- Íbúðatalning haust 2019
- Ljósastýring skilar 80 milljörðum
- Seðlabankinn til bjargar
- Gildi erlendra fjárfestinga
- Hagstjórn í niðursveiflu
- Innistæða fyrir vaxtalækkun
- Álið sterk stoð í 50 ár
- Hægir á vexti íbúðabygginga á höfuðborgarsvæðinu
- Fasteignaskattar á fyrirtæki
- Skýr merki um kólnun



Vefur SI

Á vef SI voru settar inn hátt í 600 fréttir á árinu. Vegna nýrra persónuverndalaga þarf samþykkingu þeirra sem fara inn á vefinn fyrir mælingum og þar af leiðandi eru heimsóknartölur ekki sambærilegar við það sem áður hefur verið mælt þar sem margir nýta sér þann möguleika að heimsóknir sé ekki mæld. Mældar heimsóknir á vefnum á árinu eru 66.650 og notendur mælast 35.975. Flestar heimsóknir á vef samtakanna er á mánudögum og þriðjudögum. 67% heimsókna koma frá tölvum, 27% frá snjallsímum og 6% frá spjaldtölvum. Fréttasafnið á vefnum er vinsælasti síðuflokkurinn. Fjöldi flettinga sem mældist var 147.956 á árinu og þar af voru 43.451 í fréttasafninu eða 29% flettinganna.



Samfélagsmiðlar


Samtök iðnaðarins eru á **Facebook** þar sem hátt í 4.000 líkar við samtökin. Á árinu voru settar inn um 400 færslur sem hver náði til allt frá nokkurra hundruða einstaklinga til nokkra tuga þúsunda.

Samtök iðnaðarins eru með ásynd á **Instagram** þar sem birtar hafa verið myndir með reglubundnum hætti. Á árinu voru birtar 63 myndir og 303 hjórtu voru gefin. Fylgjendur eru 210.




Fréttabréf

Rafrænt fréttabréf SI var sent út í lok hvers mánaðar að undanskildum júlímánuði og voru því 11 fréttabréf á árinu. Fréttabréfin er hægt að nálgast á vef SI.



Vimeo

Samtök iðnaðarins eru með Vimeo aðgang þar sem geymd eru 155 myndbönd. Áhorf á myndböndin á árinu voru 2.985.





Er framtíðin
komin?



Viðburður



Fjölbreyttir viðburðir

Samtök iðnaðarins efndu til fjölda viðburða á starfsárinu. Viðfangsefni þeirra voru margvísleg og spönnuðu breitt svið. Auk eigin funda og viðburða tóku samtökin þátt í ýmsum viðburðum í samvinnu við aðra aðila.

Nýsköpunarstefna SI

Samtök iðnaðarins kynntu nýsköpunarstefnu samtakanna í lýðnó fyrir fullum sal. Í stefnu samtakanna eru sett fram fjögur markmið til að unnt verði að ná fram metnaðarfullri framtíðarsýn um að á Íslandi verði skilyrði til nýsköpunar með því besta sem þekkist í heiminum. Á fundinum fluttu framsögu Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður SI, Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, Sigríður Mogensen, sviðsstjóri hugverkasviðs SI, og María Bragadóttir, fjármálastjóri Efni. Í pallborðsumræðum tóku þátt Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Marel á Íslandi, og Frosti Ólafsson, forstjóri ORF Líftækni.



Tækni- og hugverkaping SI

Stórsókn til framtíðar var yfirskrift fjölmenns Tækni- og hugverkaping SI sem haldið var í Norðurljósum í Hörpu. Ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar, Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, kynnti aðgerðir í þágu nýsköpunarumhverfisins í kjölfar nýrrar nýsköpunarstefnu stjórnvalda, meðal annars stofnun Kríu sem veitir sprotafyrirtækjum fjármagn. Á þinginu flutti Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður SI, opunarávarp. Erindi fluttu Hilmar Veigar Pétursson, forstjóri CCP, Gísli Kr. Katrínarson, framkvæmdastjóri hjá Advania Data Centers, Soffía Kristín Þórðardóttir, forstöðumaður hjá Origo, Hilmar Bragi Janusson, forstjóri Genis, Ingólfur Vignir Ævarsson, markaðsstjóri 1939 Games og Valgerður Halldórsdóttir, stjórnarmaður Sagafilm. Tryggvi Hjaltason, formaður Hugverkaráðs SI, stýrði pallborðsumræðum þar sem ræddu saman Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Marel á Íslandi, og Hilmar Veigar Pétursson, forstjóri CCP. Sigríður Mogensen, sviðsstjóri hugverkasviðs SI, var fundarstjóri.





Íslensk raforka

Íslensk raforka – ávinningur og samkeppnishæfni var yfirskrift fundar sem Samtök iðnaðarins efndu til um íslenska raforkumarkaðinn í Kaldalóni í Hörpu. Samhliða fundinum kom út ný skýrsla SI um raforkumarkaðinn þar sem koma fram tillögur að úrbótum í raforkumálum auk þess sem þar er að finna upplýsingar um uppbyggingu og sérstöðu raforkumarkaðarins, skipulag og stjórnsýslu, raforkunotendur og raforkusamninga. Erindi fluttu Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður SI, Ole Løfsnæs, sérfræðingur í raforkumálum hjá Norsk Industri, Sigrður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, Ingólfur Bender, aðalhaf-fræðingur SI, og Guðni A. Jóhannesson, orkumálastjóri. Í pallborðs-umræðum tóku þátt Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Jóhannes Felixson, bakaramestari og eigandi Jóa Fel, Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður SI, og Guðni A. Jóhannesson, orkumálastjóri. Fundarstjóri var Sigrður Mogensen, sviðsstjóri hugverkasviðs SI.

Útboðsþing SI

Árlegt Útboðsþing SI var fjölmennt í Háteigi á Grand Hótel Reykjavík í janúar. Á þinginu voru kynntar fyrirhugaðar framkvæmdir helstu opinberra aðila. Fundarstjóri var Sigrður Hannesson, framkvæmdastjóri SI. Erindi fluttu Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður SI, Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins, Inga Lind Valsdóttir, forstöðumaður tækniþróunar Veitna, Gunnar Guðni Tómasson, framkvæmdastjóri fram-

kvæmdasviðs Landsvirkjunar, Unnur Helga Kristjánsdóttir, yfirmaður verkefnastjórnunar framkvæmda Landsnets, Marta Rós Karlsdóttir, forstöðumaður tækniþróunar Orku náttúrunnar, Jón Þorvaldsson, aðstoðarhafnarstjóri Faxaflóahafna, Maren Lind Másdóttir, deildarstjóri farangurskerfa, tækni- og eignasvið Keflavíkurflugvallar ISAVIA, Óskar Örn Jónsson, forstöðumaður framkvæmdadeildar Vegagerðarinnar og Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins.



SI viðburðir

- **Útboðsþing SI** í Háteig á Grand Hótel Reykjavík
 - **Nýsköpunarstefna SI** kynnt í Iðnó
 - **Fundur Framleiðsluráðs SI** um menntamál í iðnaði
 - **Iðnþing** í Hörpu
 - **Árshóf** í Hörpu
- **Vaxtarsprotinn** í Kaffi Flóru í Grasagarðinum
 - **Íslensk raforka** í Hörpu
 - **Aðventugleði kvenna** á Vox Club
 - **Hver ber ábyrgð á mannvirkinu** í Húsi atvinnulífsins
 - **Tækni- og hugverkþing SI** í Hörpu

Viðburðir í samstarfi við aðra

Dagur prents og miðlunar

Samstarfsverkefni Iðunnar, Grafiu og SI þar sem boðið er upp á fjölmörg erindi yfir daginn og endað á léttum nótum með uppistand-aranum Ara Eldjárn.

Kynning á Tækniþróunarsjóði

Fundur Samtaka iðnaðarins og Rannís í Húsi atvinnulífsins þar sem fjallað var um Tækniþróunarsjóð og skattvæðingar vegna nýsköpunarverkefna.

Menntadagur atvinnulífsins

Menntadagur atvinnulífsins var haldinn í fimmta sinn í Silfurbergi í Hörpu. Yfirskrift dagsins að þessu sinni var Læsi. Orkuveita Reykjavíkur var valin Menntafyrirtæki ársins og Samkaup Menntasproti ársins. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og Lilja D. Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, afhentu verðlaunin. Dagurinn er samstarfsverkefni SI, Samorku, SAF, Samtaka fjármálaþyrirtækja, SFS, SVÞ og SA.

Hæfislýsing bjóðenda (ESPD)

Félag vinnuvélaeigenda og SI stóðu fyrir fundi í Húsi atvinnulífsins þar sem fjallað var um samevrópska hæfisylýsingu bjóðenda (ESPD).

Nýsköpun

SI og Icelandic Startups stóðu fyrir kynningu um nýsköpun innan starfandi fyrirtækja í Húsi atvinnulífsins þar sem farið var yfir möguleika í stuðningi við frumkvöðla og sprotafyrirtæki, allt frá viðskiptahugmynd til alþjóðlegs vaxtar.

Nýsköpunarmót Álklasans

Nýsköpunarmót Álklasans var haldið í Háskóla Íslands. Að mótinu standa Háskólinn í Reykjavík, Háskóli Íslands, Samtök iðnaðarins, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Samál og Álklasinn.

Íslandsmót iðn- og verkgreina

Íslandsmótið í iðn- og verkgreinum var haldið í Laugardalshöll auk þess sem kynnt var fjölbreytt námsframboð á framhaldsskólastigi.

Local Food Festival á Akureyri

Samtök iðnaðarins tóku þátt í matarhátíðinni Local Food Festival í Hofi á Akureyri þar sem fjöldi fyrirtækja af Norðurlandi kynntu vörur sínar og þjónustu. Þar á meðal voru fjölmargir félagsmenn SI.

Stelpur & tækni

Stúlkum úr 9. bekkjum grunnskóla var boðið í Háskólann í Reykjavík og í fjölmörg tækni-fyrirtæki. Um er að ræða samstarfsverkefni HR og SI. Þetta var í sjötta sinn sem slíkur viðburður er haldinn.

Matvælalandið Ísland

Matvælalandið Ísland, sem SI eru aðili að, efndi til ráðstefnu um sérstöðu íslenskra matvæla á Hilton Reykjavík Nordica.

Vorhátíð GERT

Vorhátíð GERT var haldin í Háskólanum í Reykjavík og í Verksmiðjunni í Glerárgötu á Akureyri. Framtíðarumhverfi grunnskólans var yfirskrift fundarins. Skammstöfunin GERT stendur fyrir grunnmenntun eflid í raunvísindum og tækni.

Breytingar á lögum um mannvirki

Mannvirkjaráð SI stóð fyrir fundi um nýsamþykktar breytingar á lögum um mannvirki.

Ecotrophelia Ísland

Veganborgarinn Potato Patty (potatty) bar sigur úr býtum í vöruþróunarsamkeppninni Ecotrophelia Ísland og tók þátt í Evrópukeppni sem haldin var í Frakklandi.

Vaxtarsprotinn

Vaxtarsprotinn var afhentur í Café Flóru, grasagarðinum í Laugardal í maí. Það var fyrirtækið Carbon Recycling International sem hlaut Vaxtarsprotann auk þess sem Taktikal og Kerecis hlutu viðurkenningar fyrir vöxt í veltu.



Vaxtarsprotinn.



Work in Iceland.

Work in Iceland

Samtök iðnaðarins ásamt Íslandsstofu og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu stóðu að gerð vefsíðu sem er ætlað að laða erlenda sérfræðinga til Íslands í sérfræði- og hátæknistörf. Í september var vefsíðan opnuð í húsakynnum Alvotek að viðstöddu fjölmenni.

Íbúðamarkaðurinn

Félag viðskipta- og hagfræðinga, FVH, stóð fyrir fundi í samstarfi við SI um íbúðamarkaðinn á Vox Club.

Reykjavík Food Festival

Samtök iðnaðarins voru þátttakendur í Reykjavík Food Festival matarhátíðinni á Skólavörðustíg í september undir merkjum Íslenskt – gjörði svo vel.

Lifandi heimili

Samtök iðnaðarins voru meðal bakhjarla stórsýningarinnar Lifandi heimili sem fór fram í Laugardalshöll í maí.

Straumlinustjórnun

Manino hélt í samstarfi við SI ráðstefnu um straumlinustjórnun í Hörpu í maí þar sem fjallað var um leiðir fyrir íslensk framleiðslufyrirtæki til að bæta samkeppnishæfni á tímum tækniframfara og krefjandi starfsumhverfis.

Rafbílahleðsla

SART, FLR, Mannvirkjastofnun og SI stóðu fyrir fundi um rafbílahleðslu í Rafmennt að Stórhöfða í maí.

First North

Samtök iðnaðarins, Samtök sprotafyrirtækja og Nasdaq Iceland stóðu að opnum kynningarfundi um Nasdaq First North markaðinn í júní.

Indverskt-íslenskt viðskiptaping

Formaður Samtaka iðnaðarins tók ásamt forseta Íslands og forseta Indlands þátt í indversk-íslensku viðskiptapingi sem haldið var á Hilton Reykjavík Nordica í september.

Ábyrgð á mannvirki

Samtök iðnaðarins létu vinna lögfræðiálit um ábyrgð hönnuða, byggingarstjóra og verkta á mannvirkinu. Samhliða því stóðu SI á árinu fyrir röð fræðslufunda víða um land þar sem lögfræðiálitið var kynnt. Álitið var gefið út fyrir félagsmenn SI.

Fundur um peningapvætti

Samtök iðnaðarins ásamt SVP og SAF stóðu í október fyrir upplýsingafundi í Húsi atvinnulífsins um peningapvætti.

Umhverfisdagur atvinnulífsins

Umhverfisdagur atvinnulífsins var haldinn í Norðurljósum í Hörpu í október. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, afhenti Umhverfisverðlaun atvinnulífsins til Brims sem var valið Umhverfisfyrirtæki ársins og Krónunnar fyrir framtak ársins á sviði umhverfis-

mála. Að deginum standa auk Samtaka iðnaðarins Samtök atvinnulífsins, Samorka, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fjármála-fyrirtækja, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og Samtök verslunar og þjónustu.

Ráðstefna um matvæli

Matvælalandið Ísland stóð fyrir tveimur ráðstefnum á árinu þar sem fjallað var annars vegar um sérstöðu og samkeppnisforskot íslenskra matvæla og hins vegar um hvernig örur neyslubreytingar hafa áhrif á matvælaframleiðslu. Matvælalandið Ísland er samstarfsvettvangur Samtaka iðnaðarins, Bændasamtakanna, Háskóla Íslands, Íslandsstofu, Mátis, Matarauðs Íslands, Samtaka ferðaþjónustunnar og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi.

Byggingavettvangurinn

Byggingavettvangurinn sem er samráðsveitvangur hagaðila í byggingariðnaði efndi til fundar um tillögur að úrbótum í bygginga- og skipulagsmálum. Stytttri byggingartími, einfaldara regluverk, lækkun byggingarkostnaðar og stórukin rafræn stjórnsýsla í byggingariðnaði voru meðal tillagna sem kynntar voru á fjölmönnum fundi sem fór fram í Háteigi á Grand Hótel. Að Byggingavettvanginum standa Samtök iðnaðarins, Íbúðalánasjóður, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Mannvirkjastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Skipulagsstofnun og Framkvæmdasýsla ríkisins.

Aðventugleði kvenna

Samtök iðnaðarins stóðu í nóvember fyrir aðventugleði kvenna í iðnaði á Vox Club og fjölmennu konur í iðnaði. Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður SI, og Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, höfðu framsögu auk þess sem Ragnheiður Gröndal, söngkona, og Hjörtur Ingvi Jóhannsson, píanóleikari, fluttu nokkur lög.



Aðventugleði kvenna.

Heimsóknir til félagsmanna

Á árinu heimsóttu stjórn og starfsmenn SI fjölmörg aðildarfirmatæki. Tilgangur heimsóknanna er að efla tengsl við félagsmenn þar sem tækifæri gefst til að heyra hvað efst er á baugi og hverjar helstu áskoranirnar eru í starfsemi.



CCEP á Íslandi.



Mata, Matfugl, Sild og fiskur, Vaxa.



Valka.



Póllinn á Ísafirði.



Fanntófell.



Terra.

Stjórn SI á ferð um Evrópu

Stjórn Samtaka iðnaðarins ásamt framkvæmdastjóra og lögfræðingi SI lögðu land undir fót á árinu og heimsóttu meðal annars OECD í París og höfuðstöðvar EFTA í Brussel. Á dagskrá stjórnarinnar var einnig heimsókn í íslensku sendiráðin í báðum borgunum þar sem meðal annars var rætt um hagsmunagæslu Íslands gagnvart Evrópusambandinu. Þá var málþing um Brexit á vegum Fransk-Íslenska viðskiptaráðsins auk þess sem stjórnin átti fund hjá framkvæmdastjórn ESB. Því til viðbótar kynnti stjórnin sér nýstárleg menntaverkefni en School 42 er skóli án kennara þar sem nemendur læra forritun.



SI er sterkur bakhjari

Samtök iðnaðarins koma að framkvæmd og styrkja margskonar verkefni í samstarfi við aðra í þeim tilgangi að styðja fjölbreytt málefni sem varða hag íslensk iðnaðar.

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands eru veitt árlega þeim námsmönnum sem hafa unnið framúrskarandi starf við úrlausn verkefnis sem styrkt var af Nýsköpunarsjóði námsmanna. SI styrkja Nýsköpunarsjóð námsmanna við veitingu Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands.

Umhverfis- og auðlindafræði HÍ

Samtök iðnaðarins eru meðal þeirra sem umhverfis- og auðlindafræði Háskóla Íslands hefur gert samstarfssamning við. Samstarfsaðilar auk Samtaka iðnaðarins eru Orkustofnun, Orkuveita Reykjavíkur, Skipulagsstofnun, Sorpa og Umhverfis- og skipulags svið Reykjavíkurborgar

Skúlaverðlaunin

Skúlaverðlaunin eru veitt fyrir besta hlutinn í sýningunni Handverk og hönnun. SI gefa verðlaunin sem kennd eru við Skúla Magnússon, fógeta og frumkvöðul smáiðnaðar í Reykjavík. Verðlaunin hlaut Guðný Hafsteinsdóttir, keramikar og hönnuður, fyrir jóla-kúlur sem kallast YOLO og Philippe Ricart fyrir handofin sjól/teppi sem hann nefnir Heiðalönd.



Skúlaverðlaunin.



Hönnunarverðlaun Íslands.

Hönnunarverðlaun Íslands

Samtök iðnaðarins styðja verðlaun fyrir bestu fjárfestingu í hönnun enda stuðla þau verðlaun að vitundarvakningu meðal fyrirtækja um gildi þess að fjárfesta í hönnun. Hönnunarverðlaun Íslands voru afhent í lýðnó í nóvember og hlaut Omnom súkkulaðigerð viðurkenningu fyrir bestu fjárfestingu í hönnun 2019 og Wave eftir Genki Instruments hlaut Hönnunarverðlaun Íslands árið 2019. Hönn-

unarmiðstöð Íslands stendur að verðlaununum, í samstarfi við Hönnunarsafn Íslands og Listaháskóla Ísland með stuðningi frá Samtökum iðnaðarins og Landsvirkjun.

Team Spark

SI eru bakhjari Team Spark sem er lið nemandanna við HÍ sem hanna og smíða rafkappakstursbíla til keppni á alþjóðlegum vettvangi í Formula Student keppninni þar sem lið frá mörgum af bestu tækniháskólum heims keppast um að smíða besta kappakstursbílinn. Liðsmenn Team Spark hafa haldið kynningar í grunnskólum landsins, kynnt námið sitt og hvernig það tengist hönnun bílsins.

Ecotrophelia Ísland

SI, Matis og Nýsköpunarmiðstöð eru aðilar að Ecotrophelia Europe sem er alþjóðleg keppni háskólanema í nýsköpun í vistvænni matvælaframleiðslu. 17 Evrópuþjóðir öttu kappi, þar á meðal Ísland. Keppnin fór að þessu sinni fram í Köln og sigruðu háskólanemar frá Frakklandi. Lið Íslands í keppninni var skipað nemum úr matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands. Framlag þeirra var veganborgari en meginprótínuppi- staða borgarans kemur úr kartöflum.



Styrkveiting úr Hvatningarsjóði Kviku.

Hvatningarsjóður Kviku

Kvika í samstarfi við Samtök iðnaðarins veittu styrki til nema í iðn- og starfsnámi úr hvatningarsjóði sínum. Fyrsta úthlutun úr sjóðnum fór fram í október á síðasta ári þegar tíu einstaklingar hlutu styrki úr hvatningarsjóðnum. Í ár hlutu átta nemendur styrki, sem stunda meðal annars nám í stálsmiði, vélstjórn, húsasmíði og rafvirkjun.

Markmið sjóðsins er að efla umræðu og vitund um mikilvægi iðn- og starfsnáms fyrir íslenskt atvinnulíf. Styrktarfjárhæð sjóðsins er 5 milljónir króna árlega í þrjú ár og munu því heildarstyrkir nema 15 milljónum króna.



Fjöreggið 2019.

Fjöreggið 2019

Fjöreggið var afhent á Matvæladegi Matvæla- og næringarfræðingafélags Íslands í október. Viðurkenningin hefur frá upphafi verið veitt með stuðningi frá Samtökum iðnaðarins. Það var Sandhóll sem hlaut Fjöreggið 2019.

Framfarasjóður SI

Framfarasjóður Samtaka iðnaðarins styrkti á árinu verkefni um að koma á laggirnar námi í jarðvinnu í fyrsta sinn hér á landi um 5 milljónir króna. Það voru Samtök iðnaðarins, Félag vinnuvélaeigenda, Tækniskólinn og mennta- og menningarmálaráðuneytið sem tóku höndum saman um að koma á formlegu jarðvinnunámi á fram-

haldsskólastigi sem undirbýr nemendur undir margvísleg störf við jarðvinnu og getur jafnframt verið grunnur að frekara námi.

Markmið Framfarasjóðs SI er að styðja við og þróa framfaramál tengd iðnaði með áherslu á verkefni sem lúta að:

- eflingu menntunar fyrir atvinnulífið með áherslu á iðn-, verk- og tækninám
- nýsköpun sem styrkir framþróun í iðnaði
- framleiðniaukningu með áherslu á skilvirkt rekstrarumhverfi



Mannvirkjasvið

Undir mannvirkjasviði SI starfa fjölmörg fagfélög og starfsgreinahópar: SAMARK – samtök arkitektastofa, FRV – Félag ráðgjafarverkfræðinga, Félag vinnuvélaeigenda, Mannvirki – félag verktaka og Meistaradeild SI sem samanstendur af félögum iðnmeistara: Félag blikksmiðjueigenda, Félag dúklagninga- og veggfóðrarameistara, Meistarafélag byggingarmanna í Vestmannaeyjum, Félag skrudgarðyrkjumeistara, Málarameistarafélagið, Meistarafélag byggingarmanna á Norðurlandi, Meistarafélag húsasmiða, Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði, Meistarafélag Suðurlands, Meistarafélag byggingarmanna á Suðurnesjum, Múrarameistarafélag Reykjavíkur og SART – Samtök rafverktaka og 8 undirfélög rafverktaka.

Mannvirkjaráð SI – Í ráðinu eru fulltrúar allra starfandi fagfélaga á sviðinu auk stjórnarmanna SI sem starfa í mannvirkja- og byggingariðnaði. Stefnunótun ráðsins fór fram á árinu og verður á næstu árum lögð áhersla á gæðamál, menntun, rafræna umsýslu í byggingariðnaði, auknar fjárfestingar í innviðum og að ryðja úr vegi tófum í tengslum við leyfisveitingar í mannvirkjagerð.

Meistaradeild SI, MSI – Fulltrúar allra fagfélaga meistara eru í deildinni sem á sam-eiginlega tvo fulltrúa í Mannvirkjaráði SI. Öll meistarafélög í byggingariðnaði eru aðilar að MSI, utan eins, eða tólf talsins. Málefnið eru margvísleg en lög um mannvirki og byggingarreglugerð eru fyrirferðamest. MSI heldur úti Ábyrgðasjóði en tilgangur hans er að skapa traust milli viðskiptavina og verktaka sem starfa innan MSI.

Mannauður og menntamál – Rík áhersla hefur verið lögð á óviðunandi eftirlit opinberra aðila með brotum á iðnlöggjöfni og hefur Meistaradeild SI ásamt meistarafélögum í öðrum atvinnugreinum leitt þá vinnu. Félag skrudgarðyrkjumeistara vann að sama skapi að því að sveitarfélög viðurkenni fagið sem löggilda atvinnugrein þar sem algengt er að sveitarfélög semji við ófaglærða aðila um verk sem teljast til skrudgarðyrkju. Félag ráðgjafarverkfræðinga hefur lagt áherslu á innhýsingu opinberra aðila á sérfræðingum. Að undanfögnu hefur orðið veruleg aukning í fjölda launþega hjá hinu opinbera og fyrirtækja í þeirra eigu á sama tíma og fjöldi starfsmanna í viðskiptahagkerfinu hefur dregist saman.

Unnið hefur verið að málefnum er varða menntun og skort á faglærðu fólki. Má þar m.a. nefna góðan árangur Samtaka rafverktaka, SART, í samstarfi við RSÍ sem gáfu öllum nýjum nemum á rafiðnbrautum fram-

haldsskólanna spjaldtölvur og frían aðgang að rafrænu kennsluefni og fengu á fimmta hundrað nemendur spjaldtölvur afhentar. SART náði einnig samningum við Staðlaráð um kaup á áskrift að fagtengdum stöðlum rafiðnaðarmanna sem allir félagsmenn SART fá endurgjaldslaut. Þá hefur Félag vinnuvélaeigenda unnið hörðum höndum að undirbúningi fyrir nýju iðnnámi í jarðvirkjun í samstarfi við Tækniskólann og menntamálaráðuneytið og standa vonir til að fyrstu nemendur brautskráist 2021.

Félaga ráðgjafarverkfræðinga ritaði á árinu undir nýja kjarasamninga við Verkfræðingafélag Íslands. SAMARK – samtök arkitektastofa hóf auk þess kjaraviðræður við Arkitektafélag Íslands.

Mikilvæg gögn – Talningar SI á íbúðum í byggingu hafa undanfarin ár borið með sér að framundan væri vaxandi fjöldi fullbúinna íbúða að fara á markað. Nú virðast hins vegar vera ákveðin vatnaskil í þessum tölum sem benda til þess að fjöldi fullbúinna íbúða kunni að fækka á næstu misserum. Samkvæmt seinni talningu sem var í september voru 6.009 íbúðir í byggingu á höfuðborgarsvæðinu og nágrannasveitarfélögum. Það voru 2,4% færri íbúðir en voru í byggingu á svæðinu í talningu SI þar á undan. Talningin sýndi að viðsnúningur er í íbúðabyggingum. Fækkun er fyrst og fremst í nágrannasveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins. Niðurstaða talningarinnar endurspeglar þéttingastefnu stærstu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu þar sem ríflega helmingur allra íbúða í byggingu í Reykjavík og Kópavogi eru á slíkum reitum. Samtökin hafa lagt ríka áherslu á nauðsyn bættar verkferla þegar kemur að aðgengilegum gögnum um bæði framboð og eftirspurn á markaðnum og gert kröfur um byltingu í rafrænni stjórnsýslu í kringum greinina.

Öflug starfsemi félaga – Félög á mannvirkjasviði SI hafa unnið að fjölmörgum málefnum, fundað með fjölmörgum erlendum systursamtökum og staðið fyrir fjölda viðburða á árinu. Má þar m.a. nefna að SART hélt upp á 70 ára afmæli samtakanna með veglegu afmælishófi á Grand Hótel. Á þessum tímamótum var opnuð ný heimasíða og gefið út afmælissrit þar sem saga félagsins var rakin. SART og Félag löggiltra rafverktaka héldu auk þess fjölda fræðslufunda í samstarfi við Rafmennt og fyrirtæki tengd rafiðnaðinum. Félag blikksmiðjueigenda opnaði nýja heimasíðu og fór í stefnumótunarvinnu. Mannvirki – félag verktaka fékk góða gesti á borð við framkvæmdastjóra Nýja spítalans. Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði, MIH, stóð reglulega fyrir vel sóttum hádegisfundum um þau málefni sem brenna helst á félagsmönnum. Fundaði félagið m.a. með Hafnarfjarðarbæ vegna umdeilda deiliskilmála og vel hefur gengið að vinna lausn á þeim málum. Málarameistarafélagið fór í heildarendurskoðun á lögum félagsins á árinu auk þess að endurskipulagning á félagatali stóð yfir. Félag vegg- og dúklagningameistara hóf vinnu við ritun sögu félagsins sem varð 90 ára 2018. Meistarafélag byggingarmanna á Norðurlandi hóf undirbúning fyrir dag byggingariðnaðarins á Norðurlandi, sem haldinn verður á árinu. Meistarafélag byggingarmanna á Suðurnesjum hélt opna fundi mánaðarlega sem byggingarfulltrúar á Suðurnesjum sækja og hafa þessir fundir mælst vel fyrir. Meistarafélag Suðurlands hefur í nokkur ár haft stjórnarfundir opna öllum félagsmönnum sem hefur gefið góða raun. Meistarafélag Suðurlands hefur verið með sérstakt átak í að heimsækja sveitafélög á Suðurlandi, bæjar- og sveitastjóra og byggingarfulltrúa viðkomandi sveitafélaga. Múrarameistarafélag Reykjavíkur vinnur stöðugt að hagsmunagæslu sinna félagsmanna og var félagsstarfið líflegt.



Hugverkasviõ

Undir Hugverkasvið heyra sex félög og starfsgreinahópar hátækni- og hugverkafyrirtækja: Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Samtök gagnavera, Samtök leikjaframleiðenda, Samtök sprotafyrirtækja, Samtök fyrirtækja í líf- og heilbrigðistækni og Samtök upplýsingatækniyrirtækja.

Hugverkaráð SI – Ráðið leiðir málefnavinnu hugverkasviðs en í því sitja sex fulltrúar ásamt sex varafulltrúum og er markmið Hugverkaráðs SI að efla samkeppnishæfni hugverka- og hátækniyrirtækja á Íslandi. Áherslumál ráðsins snúa að því að á Íslandi verði umgjörð og hvatar fyrir nýsköpun í iðnaði eins og best verður á kosið. Hugverkaráð SI leggur meðal annars áherslu á að skattalegir hvatar verði eflir til að örva fjárfestingu í rannsóknum og þróun og sprotafyrirtækjum, að menntakerfinu verði breytt til að mæta áskorunum framtíðarinnar, meðal annars í tengslum við örar tæknibreytingar, og að Ísland verði kynnt sem nýsköpunarland og aðlaðandi staður fyrir erlenda sérfræðinga.

Starfsgreinahópar tækni- og hugverkagreina funduðu reglulega á árinu og unnið var ötullega að hagsmunamálum greinanna.

Samtök sprotafyrirtækja – SSP vinna að hagsmuna- og stefnumálum sprotafyrirtækja. Á árinu 2019 var áfram unnið að málum sem snúa að skattalegum hvötum fyrir einstaklinga til að fjárfesta í sprotafyrirtækjum ásamt niðurstöðum stefnumótunar sem átti sér stað í maí 2018. Stefnumálin byggja á framtíðarsýn fyrir umhverfi sprotafyrirtækja árið 2025 og snúa að fjármögnunarumhverfinu, stjórnum, styrkjumhverfi og efnahagsmálum.

Samtök gagnavera – DCI leggja áherslu á að efla samkeppnishæfni gagnaversiðnaðar á Íslandi. Raforkumál og efling gagnatenginga við útlönd eru efst á baugi hjá samtökunum. Áhersla er lögð á að raforkuverð sé samkeppnishæft og að breytingar verði á gagnatengingamarkaði, meðal annars að nýr fjarskiptasæstrengur verði lagður.

Samtök fyrirtækja í líf- og heilbrigðistækni – SLH urðu til í janúar 2019 við sameiningu Samtaka líftækniyrirtækja og Samtaka heilbrigðisiðnaðarins. SLH hafa lagt áherslu á að efla samstarf við hagsmunaaðila á heilbrigðissviðinu og samstarf á milli fyrirtækja í líf- og heilbrigðistækni. Sérstök áhersla hefur verið lögð á innleiðingu nýrrar löggjafar um lækningatæki og samstarf hins opinbera við fyrirtæki í líf- og heilbrigðistækni við innleiðinguna.

Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda – SÍK leggur áherslu á heildarendurskoðun á stefnu stjórnvalda í kvikmyndamálum og tilnefndi fulltrúa í þá vinnu. SÍK leggur áherslu á að efla mynd kvikmynda- og sjónvarpsiðnaðar á Íslandi og að standa vörð um löggjöf um endurgreiðslur á framleiðslukostnaði kvikmynda- og sjónvarpsefnis. Þá hefur SÍK beitt sér fyrir því að settur verði á lagginn sérstakur sjónvarpssjóður að norrænni fyrirmynd.



Samtök leikjaframleiðenda – IGI hélt áfram að styrkja tengsl við grasrótina í leikjaiðnaðinum og fjölgaði félagsmönnum á árinu. Í desember 2019 var gefin út umfangsmikil skýrsla um íslenska tölvuleikjaiðnaðinn, í samstarfi SI, IGI, Northstack og Íslandsstofu. IGI fagnaði einnig opnun leikjabrautar Keilis, fyrstu námsbrautar sinnar tegundar til stúdentsprófs á Íslandi.

Samtök upplýsingatækniyrirtækja – SUT hafa haft það að markmiði undanfarin ár að gera upplýsingatækni að áhugaverðasta iðnaði landsins og hafa m.a. lagt áherslu á menntamál og hlut kvenna í upplýsingatækni. Útboðsmál og innkaupastefna ríkisins voru mikið til umræðu á árinu og stefnir SUT að því að halda áfram að hafa áhrif á þróun í þeim málaflokki. Eitt af markmiðum hópsins er að almenningur fái hlutdeild í upplýsingatækninni og skilji virði hennar.



Framleiðslusvið

TE & KAFFI



Undir framleiðsluvið SI heyrir fyrirtæki af fjölbreyttum toga sem fást við framleiðslu og þjónustu. Fyrirtækin starfa saman í starfsgreinahópum og einstökum málefnum sem snerta rekstur þeirra. Þótt fyrirtækin séu ólík eru mörg mál sem sameina þau, til dæmis áhersla á aukna framleiðni, framfarir í umhverfis- og loftslagsmálum og bætt rekstrarskilyrði.

Framleiðsluráð SI – Ráðið leggur línur fyrir starfsemi framleiðsluviðs SI en í ráðinu sitja átta fulltrúar úr ólíkum greinum framleiðslu-iðnaðar.

Matvælaframleiðsla – Mikil tækifæri liggja í því að kynna sérstöðu íslenskrar matvælaframleiðslu á næstu áratugum. Síðan kröfur um örugg matvæli, virðing fyrir umhverfi og sjálfbær nýting auðlinda eru áskoranir sem matvælaframleiðendur standa frammi fyrir á komandi árum. Matvælaframtíð Ísland stóð fyrir tveimur ráðstefnum á árinu þar sem fjallað var annars vegar um sérstöðu og samkeppnisforskipti íslenskrar matvæla og hins vegar um hvernig örur neyslubreytingar hafa áhrif á matvælaframleiðslu. Matvælaframtíð Ísland er samstarfsvettvangur Samtaka iðnaðarins, Bændasamtakanna, Háskóla Íslands, Íslandsstofu, Matis, Mataraúðs Íslands, Samtaka ferðaþjónustunnar og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi.

Nýsköpun – Stjórnvöld settu á fót nýjan sjóð, Matvælasjóð, með það að markmiði að styrkja verðmætasköpun í þróun, vinnslu og markaðssetningu matvæla úr landbúnaði og sjávarútvegi. SI telja það fagnaðarefni að stefnt sé að því að hagræða og einfalda stuðningskerfi nýsköpunar á sviði matvæla. Samtök iðnaðarins, í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð og Matis, standa að nýsköpunarkeppni Ecotrophelia sem er keppni háskólanema í þróun markaðshæfna, vistvænna matvæla og drykkja. Sigurvegar keppinnar voru namar í matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands með veganborgara þar sem meginprótínuppistaðan kemur úr kartöflum. Keppti liðið fyrir hönd Íslands í Evrópukeppni í Anuga í Frakklandi og vakti mikla athygli.

Matvælastefna fyrir Ísland – Í kjölfar vinnu við að móta matvælastefnu fyrir Ísland sem hófst um mitt ár 2018 var sett á fót ráðherrafræðingur sem ætlað er að móta mat-

vælastefnu fyrir Ísland. Samtök iðnaðarins, Bændasamtökin, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og Samtök ferðaþjónustunnar, sem öll eiga sæti í verkefnastjórn ráðherrafræðinginnar, sameinuðust um áherslur varðandi stefnuna. Þær snúa að mikilvægi þess að leiða fram sameiginlega hagsmuni og byggja á samvinnu ólíkra atvinnugreina og fyrirtækja í matvælaframleiðslu á grundvelli sjálfbærni, öryggis og heilnæmis og verðmætasköpunar.

Matvælaöryggi – Innflutningur á hráu kjöti og hráum eggjum var heimilaður með lögum frá Alþingi um mitt árið. Mikill styrk hefur staðið um málið ekki síð um mikilvægi verndunar búfjárfestna og matvælaöryggis. Ljóst er að breyttar leikreglur geta haft mikil áhrif á matvælaframleiðslu hér á landi. Sterk staða Íslands varðandi eftirlit með kjöti varð til þess að Eftirlitsstofnun EFTA veitti Íslendingum heimild til að gera strangari kröfur fyrir kjöt sem flutt er til landsins með sérstökum viðbótartryggingum. SI lögðu mikla áherslu á að regluverk á sviði matvælaframleiðslu yrði einfaldað, framleiðslufyrirtækjum og neytendum til hagsbóta.

Lýðveldiskaka – Ísland fagnaði 75 ára lýðveldisafmælinu þann 17. júní. Í tilefni afmælisins var Landssamband bakameistara fengið til að gera 75 metra langa afmælistertu sem stóð almenningi til boða í miðbæ Reykjavíkur. Bakarar landssambandsins á landsbyggðinni buðu einnig sínum bæjarbúum upp á lýðveldisköku, mislanga eftir stærð bæjarfélaga en heildarlengdin nam einnig 75 metrum.

Umhverfis- og loftslagsmál – Loftslagsverkefni SI og Festu, sem ytt var úr vör árið 2018, og hafði að markmiði að auðvelda fyrirtækjum að meta og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, rann sitt skeið á enda á árinu. Þessu til viðbótar var á vettvangi Framleiðsluráðs SI lögð rík áhersla á umhverfis- og loftslagsmál sem hefur endurspeglast í efnistöku

og umræðum á þeim vettvangi enda hafa framleiðslufyrirtæki þegar tekið stór skref fram á við í þessum málum og vilja gera enn betur.

Nám í húsgagnabólstrun – Framleiðsluvið SI hefur unnið að því í nokkurn tíma ásamt Meistarafélagi bólstrara að endurvekja nám í húsgagnabólstrun í Tækniskólanum. Frá og með vorönn 2020 mun Tækniskólinn bjóða upp á fullt nám í húsgagnabólstrun og er nokkur áhugi fyrir hendi nú þegar.

Sjálfbærni pappírs – Á árinu hefur framleiðsluvið SI í samvinnu við fyrirtæki í prent-iðnaði unnið að því að vekja jákvæða athygli á pappír og prenti. Markmiðið með verkefninu er að styrkja ímynd pappírs og prentverks á Íslandi og hvernig hægt er að bregðast við því neikvæða viðhorfi sem viðgengst gagnvart prenti og pappír og leiðrétt rangfærslur um að pappír sé ekki umhverfisvænn.

Íslensk hönnun og húsgagnaframleiðsla – Á síðustu árum hefur vegur íslenskrar hönnunar og húsgagnaframleiðslu vaxið að nýju. Fjölmargir hönnuðir og framleiðendur hafa í gegnum tíðina komið fram með nýstárleg húsgögn sem hafa notið mikilla vinsælda. Þetta kemur meðal annars fram í bæklingi sem SI gaf út í tilefni þess að íslensk húsgögn voru afhent forsetaembættinu í júní, en Samtök iðnaðarins hafa haft frumkvæði að því að íslensk húsgögn prýða nú suðurstofu Bessastaða. Þá hafa SI unnið ótullega að því að vekja athygli á að íslensk húsgögn og hönnun ættu að vera sjónlegri í þjóðfélaginu. Til að mynda ætti að vera sjálfsagt mál að íslensk húsgögn og hönnun sjáist í öllum opinberum byggingum, ekki síð þar sem almenningur og erlendir gestir fara um í einhverjum mæli. SI hafa hvatt til þess að íslenskt verði fyrir valinu en með því ræktum við orðspor Íslands um leið og við styrkjum efnahag landsins.

Starfsmenn SI

Starfsmenn Samtaka iðnaðarins við útgáfu skýrslunnar.



Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri SI



Berglind Guðjónsdóttir,
skrifstofuumsjón



Björg Ásta Þórðardóttir,
lögfræðingur



Brynjar Freyr Garðarsson,
lögfræðinemi



Guðrún Birna Jørgensen,
viðskiptastjóri á framleiðslusviði



Gunnar Sigurðarson,
viðskiptastjóri á framleiðslusviði



Ingólfur Bender,
aðalhogfræðingur



Jóhanna Klara Stefánsdóttir,
sviðsstjóri mannvirkjasviðs



Linda B. Stefánsdóttir,
persónuverndarfulltrúi



Margrét Kristín Sigurðardóttir,
almannatengsla- og
samskiptastjóri



Nanna Elísa Jakobsdóttir,
viðskiptastjóri á hugverkasviði



Sigríður Mogensen,
sviðsstjóri hugverkasviðs



Edda Björk Ragnarsdóttir,
viðskiptastjóri á hugverkasviði



Eyrún Arnarsdóttir,
viðskiptastjóri á mannvirkjasviði



Friðrik Á. Ólafsson,
viðskiptastjóri byggingariðnaðar
á mannvirkjasviði



Jóhanna Vigdís Arnardóttir,
verkefnastjóri í menntamálum



Kristján Daníel Sigurbergsson,
viðskiptastjóri á mannvirkjasviði



Lárus M. K. Ólafsson,
viðskiptastjóri á framleiðslusviði



Sveinn Héðinsson,
viðskiptastjóri á mannvirkjasviði



Vilhjálmur Hilmarsson,
sérfræðingur í greiningum



Einn af
hverjum fimm
starfar í iðnaði



Iðnaður
skapar fjórðung
landsframleiðslunnar



Iðnaður
skapar 30%
gjaldeyristekna



Iðnaður skapar 33%
af veltu fyrirtækja
í landinu



Iðnaður stendur
að baki þriðjungi
hagvaxtarins